



Tilkynningaskyldar framkvæmdir Undanþegnar byggingarheimild og byggingarleyfi.

Efni: Samantekt mismunandi framkvæmda

Eftirfarandi mannvirkjagerð er undanþegin byggingarheimild og -leyfi en skal tilkynnt leyfisveitanda. Hún skal vera í samræmi við deiliskipulag og önnur ákvæði reglugerðar þessarar eins og við á hverju sinni.

Dæmi um framkvæmdir sem flokkast geta undir undanþegnar byggingar-heimild eða -leyfi:

- v. Nýklæðning þegar byggðra mannvirkja.
- w. Tjaldhýsi sem nota skal í atvinnustarfsemi.
- x. Stöðuhýsi sem skulu standa lengur en 4 mánuði.
- y. Heitir og kaldir pottar eða laugar í gördum við íbúðarhús og frístundahús.
- z. Lítilsháttar breyting á burðarvirki sem nemur minna en 5% af hjúpflati burðarhluta, þó aldrei meira en 5 m².
- aa. Lítilsháttar breyting á brunahólfun sem nemur minna en 5% af hjúpflati brunahólfandi hluta, þó aldrei meira en 5 m².
- bb. Breytingar á lögnum.

Byggingarfulltrúi staðfestir móttöku tilkynningar, að mannvirkjagerð falli undir 1. mgr. og að hún samræmist skipulagi. Með tilkynningum skulu fylgja aðaluppdrættir og greinargerð löggilds hönnuðar. Sé tilkynnt um breytingar á þegar byggðu mannvirki, þar sem aðaluppdrættir eru til staðar, þarf ekki að skila aðaluppdráttum í heild heldur aðeins þeim hluta aðaluppdráttanna sem sýna breytingarnar.

Ekki er heimilt að hefja mannvirkjagerð án staðfestingar leyfisveitanda. Hafi byggingarfulltrúi þó ekki gert athugasemdir við tilkynnta framkvæmd innan þriggja vikna frá móttöku tilkynningar telst hún staðfest og er þá heimilt að hefja framkvæmdir.